


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>HÖTE2HU05 hugmyndavinna</b>	<b>Námsáætlun vorönn 2017</b>

<b>Kennari</b>	Sólveig Þóra Jónsdóttir <a href="mailto:sthj@vma.is">sthj@vma.is</a>	<b>Sk.st.</b>	SÓL
----------------	--	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnist nemandinn undirstöðuatriðum alhliða hugmyndavinnu. Hann vinnur eftir ferlinu frá því að hugmynd kviknar og þar til hún hefur fengið ákveðið form. Lögð er áhersla á sambandið milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og listrænnar sköpunar, greiningar og túlkunar. Nemandinn fær þjálfun í að þróa hugmyndir sínar, starfa sjálfstætt, setja fram hugmyndir, meta og gagnrýna eigin verk. Hver nemandi kynnir verkefni sín og þær lausnir sem notaðar eru. Áhersla er lögð á umræður um verkefni og að nemendur læri hver af öðrum.

### Þekkingarviðmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sambandi milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og niðurstöðu
- litum, gildi þeirra og notkun í umhverfi okkar
- hvernig náttúran og eigin menning er uppspretta hugmynda við eigin vinnu og hönnuða almennt
- heildar hönnunarferlinu

### Leikniviðmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með hönnun sína í myndvinnslu og munsturforritum
- tileinka sé nýngar í gegnum upplýsingamiðla, handbækur og fagttímarit
- nota mismunandi litasamsetningar


### Hæfniviðmið:

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þróa hugmynd eftir markvissu þróunarferli
- setja fram hugmynd munnlega, skriflega og á myndrænan hátt
- nýta sér náttúru og eigin menningu sem uppsprettu hugmynda við eigin vinnu
- rökstyðja eigið verk, taka gagnrýni og gagnrýna aðra á jákvæðan hátt

### Áætlun um yfirferð:

Vikur	Lota	Lýsing
1-6	1	Unnið með margskonar skissuáðferðir og nemendur safna gögnum í skiss og hugmyndabanka. Úr hugmyndavinnunni skal þróa munstur.
7-11	2	Unnið með margskonar skissuáðferðir og nemendur safna gögnum í skiss og hugmyndabanka. Úr hugmyndavinnunni skal þróa form á flíkur.
12-14 vika 15 páskafrí.	3	Nemendur velja sér hönnunarverkefni og vinna með fyrirfram gefnar forsendur. Verkefnið reynir á hæfni þeirra til að velja úr hugmyndum og þróa þær áfram. Hér fá nemendur tækifæri til að kynnast ferlinu frá því að hugmynd kviknar og þar til hún hefur fengið ákveðið form.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>HÖTE2HU05 hugmyndavinna</b>	<b>Námsáætlun vorönn 2017</b>

16-19	4	Nemendur velja sér hönnunarverkefni og vinna með þema. Verkefnið reynir á hæfni þeirra til að rannsaka viðfangsefni, velja úr hugmyndum og þróa þær áfram. Nemendur frá innsýn inn í mikilvægi góðrar undirstöðu í hönnun og útfærslu verka sinna.
-------	---	--

Nemendur skulu safna og halda til haga öllum gögnum úr áfanganum og skila þeim í lok annarinnar.

#### Námsgögn:

Stuðst verður við fagbækur og -tímarit sem eru í eigu skólans og kennara, ljósritað ítarefni frá kennara og vefsíður sem gagnast nemendum í vinnuferli sínu. Einnig verður kennsluvefurinn Moodle nýttur til að halda utan um verkefnalýsingar ofl.

#### Innkaup:


Nemendur þurfa að kaupa og eiga **góða skissubók með gormi**, liti, teikniáhöld, pappírsskæri og pappírslím sem þeir taka með sér í tímana.


#### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
Skissu og úrvinnsluverkefni	Skissuvinna og úrvinnsluverkefni úr lotu 1		30%
Skissu og úrvinnsluverkefni	Skissuvinna og úrvinnsluverkefni úr lotu 2		30%
Hönnunarverkefni	Hönnunarverkefni út frá fyrirfram gefnum forsendum		15%
Hönnunarverkefni	Hönnunarverkefni út frá þema		15%
	Dagbók + Ferilmappa + Skissubók		10%
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>

Dagsetning: 05.01.17

05.01.2017

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstjóra, fagstjóra eða staðgengils